

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
b.t. skrifstofu iðnaðar- og orkumála  
Skúlagötu 4  
150 Reykjavík

18. ágúst 2014

**Umsögn um drög að frv. til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003, með síðari breytingum.**

Líkt og fram kemur í athugasemdum við frumvarpsdrögin er markmið þeirra að kerfisáætlun Landsnets fái traustari grundvöll, sem nauðsynlegt er fyrir áætlun sem lýtur að mikilvægum grunnkerfum landsins. Jafnframt er það markmið frumvarpsdraganna að einfalda fyrirkomulag leyfisveitinga þegar kemur að framkvæmdum við flutningskerfið og gera ferla skilvirkari og gagnsærri hvað það varðar.

Mjög mikilvægt er að þessi markmið nái fram að ganga. Nú er svo komið að flutningskerfi raforku annar víða ekki þeirri eftirspurn sem til staðar er og hamlar það þannig þróun atvinnulífs og byggðar. Framleiðslugeta sumra virkjana er vannýtt, heilir landshlutar búa við takmarkanir í flutningsgetu og ekki er hægt að flytja orku þaðan sem hún er næg yfir til annarra landshluta vegna veikleika í flutningskerfinu. Ekki verður flutningsfyrirtækið, Landsnet, sakað um skort á framkvæmdavilja. Skipulags- og leyfisferlin eru hins vegar afar tafsöm og margir aðilar sem geta komið í veg fyrir eða tafið framkvæmdir.

Verði þessi frumvarpsdrög að lögum einfaldast leyfisveitingaferlið auk þess sem staða kerfisáætlunar Landsnets fær mun traustari sess m.a. í samhengi skipulagsmála. Þá er mikilvægt að frumvarpsdrögin gera ráð fyrir að samráðsferli á fyrri stigum dragi verulega úr hættu á því að fram komi ágreiningur á síðari stigum, þ.e. þegar á framkvæmdastig er komið.

Samorka styður því eindregið að frumvarpsdrögin verði lögð fram í óbreyttri mynd sem frumvarp á Alþingi, sem vonandi hlýtur þá afgreiðslu fyrir árslok 2014.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,



Guðstaf Adolf Skúlason  
framkvæmdastjóri